

Akraneskaupstaður  
B.t. Bæjarráðs  
Stílholti 16-18  
300 Akranesi

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 12.1	Mótt. af GÍÓ	Mótt. dags. 28 JAN. 2016
Áb.m. RA	Úrv.aðil RA	Afrit RA/SPH
Símtal	Tölvup.	Fax St.A/SAS/IR
Svarfr.	Trún.mál	Fskj. KG/SP
Málsnr. One 1601447		

Akranesi 21.janúar 2016

### Efni: Garðurinn í Vallarseli

Foreldraráð Vallarsels lýsir hér með yfir þungum áhyggjum af ástandinu garðinum við leikskólann, en núverandi ástand hans er með öllu óásættanlegt.

Lengi hefur vatnssöfnun verið til vandræða í garðinum og margoft hefur verið kvartað til yfirvalda vegna þess, en ekkert verið gert í málinu.

Nú er svo komið að garðurinn er oft nánast ófær og ekki hægt að senda börnin út til að leika sér. Þó svo að auðvitað sé fullt eftirlit þá má ekki mikið út af bregða svo úr geti orðið stórslys. Vatnsdýptin þarf ekki að vera nema 5cm svo að úr geti orðið slys ef barn dettur ofan í. Slökkviliðsstjóri hefur komið þó nokkrar ferðir til að dæla upp vatni, síðast 7.janúar sl. Þá áætlaði hann að vatnsdýptin í stærsta pollinum væri 40-50cm.

Að auki má benda á það að utan leikskólatíma er garðurinn opinn almenningi og oft eru þar börn að leik án þess að eftirlit sé haft með þeim.

Við í foreldraráði förum fram á það að farið verði í aðgerðir til að koma í veg fyrir þessa miklu vatnssöfnun í garðinum eigi síðar en á vormánuðum. Óskað er eftir svörum um áætlun.

Virðingarfyllst,  
Foreldraráð Vallarsels

Erla Karlsdóttir  
Erla Karlsdóttir

Rósa K. Guðnadóttir  
Rósa Kristín Guðnadóttir

Sædis Þórhallsdóttir  
Sædis Þórhallsdóttir

Bedið um að  
Þessu sé dreift  
á alla aðal-  
þæjarfulltrúa.  
❤️